

REIKNINGUR
Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga árið 2006.

Rekstrarreikningur

Tekjur	þús. kr.
Framlag ríkissjóðs	9.868.752
Framlag sveitarfélaga	<u>5.058.526</u>
Tekjur alls	<u>14.927.278</u>
Framlög	
Bundin framlög	856.758
Sérstök framlög	3.899.058
Jöfnunarframlög	5.485.475
Jöfnunarframlög til grunnskóla	4.957.531
Stofnkostnaðarframlög	<u>135.671</u>
Framlög alls	<u>15.334.493</u>
Rekstrarkostnaður	
Laun og launatengd gjöld	4.490
Annar rekstrarkostnaður	<u>44.008</u>
Rekstrarkostnaður samtals	48.498
Eignakaup	<u>252</u>
Framlög og gjöld alls	<u>15.383.243</u>
Rekstrarhalli	(455.965)
Hreinar fjármagnstekjur	<u>225.608</u>
Tekjuafgangur ársins	<u>(230.357)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2006

Eignir	
Veltufjármunir:	
Ríkissjóður	262.354
Áfallnar vaxtatekjur	115.427
Aðrar skammtímakröfur	<u>47.032</u>
Skammtímakröfur samtals	<u>424.813</u>
Handbært fé:	
Bankareikningar	<u>782.783</u>
Eignir alls	<u>1.207.596</u>
Skuldir og eigið fé	
Eigið fé:	
Höfuðstóll	<u>491.230</u>

Nr. 916/2007

Skammtímaskuldir:	
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	11.543
Ógreidd framlög	185.944
Aðrar skammtímaskuldir	<u>518.879</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>716.366</u>
Skuldir samtals	<u>716.366</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u><u>1.207.596</u></u>

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar:

Veltufé frá rekstri:

Rekstrarafgangur (halli) samkvæmt rekstrarreikn	(<u>230.357</u>)
Veltufé frá rekstri	(230.357)

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Skammtímakröfur (hækkun), lækkun	(39.892)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun	<u>243.101</u>
	203.209

Handbært fé frá rekstri (27.148)

Fjármögnunarhreyfingar:

Breyting á stöðu við ríkissjóð:

Framlag ríkissjóðs	(9.868.752)
Greitt úr ríkissjóði	<u>9.955.911</u>
	87.159

Hækkun (lækkun) á handbæru fé

60.011

Handbært fé í ársbyrjun

722.772

Handbært fé í árslok

782.783

Áritun endurskoðenda

Til félagsmálaráðuneytisins og ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Við höfum endurskoðað ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1-16. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem látið er í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun og góða endurskoðunarvenju en í því felst m.a.:

- að sannreyna að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka,

Nr. 916/2007

- að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðeigandi árangur,
- að kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og rekstrarverkefni þar sem við á,
- að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfseminni ef þær eru birtar með ársreikningi.

Endurskoðunin felur meðal annars í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild og gilda um A-hluta stofnanir. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árinu 2006, efnahag 31. desember 2006 og breytingu á handbæru fé á árinu 2006 í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju fyrir A-hluta stofnanir.

Ríkisendurskoðun, 30. ágúst 2007.

Sigurður Þórðarson
ríkisendurskoðandi.

Sigurgeir Bóasson endurskoðandi

Staðfesting ársreiknings

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins og eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Á árinu 2006 var tekjuhalli af rekstri Jöfnunarsjóðsins 230.357 þús. kr. Eignir alls námu 1.207.596 þús. kr. í árslok. Skuldir alls voru 716.366 þús. kr. og eigið fé 491.230 þús. kr. í árslok.

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2006 með áritun sinni.

Reykjavík, 30. ágúst 2007.

Jóhanna Sigurðardóttir
félagsmálaráðherra.

Herdís Sæmundardóttir,
formaður ráðgjafarnefndar.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2007